



Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði Breyting á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 og nýtt deiliskipulag

Skipulags- og matslýsing

Lýsing á skipulagsverkefni

Samkvæmt 30. og 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010

Matslýsing

Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006



VERKNÚMÉR: 16189-001	DREIFING:
SKÝRSLA NR:	<input type="checkbox"/> Opin
DAGS: 2016-10-20	<input type="checkbox"/> Lokuð til
BLAÐSÍÐUR:	<input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
UPPLAG:	

HEITI SKÝRSLU:

Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði
Breyting á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 og nýtt deiliskipulag.
Lýsing á skipulagsverkefni og matslýsing.

HÖFUNDAR:

Erla Bryndís Kristjánsdóttir
Ruth Guðmundsdóttir

VERKEFNISSTJÓRI:

Erla Bryndís Kristjánsdóttir

UNNIÐ FYRIR: ÁRNESHREPP

SAMSTARFSADILAR:

UMSJÓN: KRISTJÁN ARNARSSON BYGGINGARFULLTRÚI

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG: SKIPULAGS- OG MATSLÝSING FYRIR BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI
OG NÝTT DEILISKIPULAG

ÚTDRÁTTUR:

Skýrslan þjónar tilgangi skipulags- og matslýsingar vegna breytingar á Aðalskipulagi Árneshrepps og nýs deiliskipulags. Hún er unnin í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingin felst í breyttri skilgreiningu á landnotkun vegna framkvæmda við Hvalárvirkjun.

LYKILORÐ ÍSLENSK:

Aðalskipulagsbreyting
Nýtt deiliskipulag
Skipulagslýsing
Matslýsing
Umhverfismat áætlana

LYKILORÐ ENSK:

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:

Erla B. Kristjánsdóttir

YFIRFARIÐ AF:

GPE



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Myndaskrá	2
Töfluskrá	2
1 Inngangur	3
1.1 Aðdragandi og markmið	4
1.2 Matsskylda	4
1.2.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.....	4
1.2.2 Umhverfismat áætlana.....	4
2 Tengsl við aðrar áætlanir	8
3 Skipulagsforsendur og breytingar á skipulagi	10
3.1 Aðalskipulag	10
3.1 Deiliskipulag	17
4 Staðhættir og umhverfisaðstæður	18
4.1 Staðhættir	18
5 Umhverfismat áætlana	20
5.1 Áhrifapættir	20
5.2 Umhverfisþættir.....	20
5.3 Stefnukostir	22
5.4 Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati	22
5.5 Aðferðir matsvinnu og framsetning niðurstaðna	23
6 Skipulagsferlið	25
6.1 Verklag og yfirlit yfir ferlið	25
6.2 Kynning og samráð	25
6.3 Umsagnaraðilar	26
6.4 Tímaáætlun	27
7 Heimildir	29



Myndaskrá

MYND 1.1	AÐALSKIPULAG ÁRNESHREPPS 2005-2025 – HLUTI SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTAR I. VIRKJUNARSVÆÐI HVALÁR ER AFMARKAÐ MEÐ GRÆNNI HEILLI LÍNU. HVALÁRLÍNA ER SÝND MEÐ RAUÐRI R-MERKTRI LÍNU. SKÝRINGAR ERU Á NÆSTU SÍÐU.	5
MYND 1.2	AÐALSKIPULAG ÁRNESHREPPS 2005-2025 - HLUTI SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTAR II OG SKÝRINGAR. ÓFEIGSFJARÐARVEGUR 649 LIGGUR ÚR TRÉKYLLISVÍK UM INGÓLFSFJÖRÐ Í ÓFEIGSFJÖRÐ. VEGURINN ER SÝNDUR MEÐ SVARTRI BROTLÍNU.	6
MYND 1.3	SKIPULAGSMÖRK FYRIRHUGAÐS DEILISKIPULAGS.	7

Töfluskrá

TAFLA 2.1	TENGL VÍÐ SKIPULAGSÁÆTLANIR INNAN SVEITARFÉLAGSINS.	8
TAFLA 2.2	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR.	8
TAFLA 3.1	ÁKVÆÐI GILDANDI AÐALSKIPULAGS OG FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI VARÐANDI VIRKJUN HVALÁR. SUNDURLIÐUN EFTIR EFNISATRÍÐUM.	10
TAFLA 3.2	HELSTU ÞÆTTIR DEILISKIPULAGSINS	17
TAFLA 5.1	ÁHRIFARÞÆTTIR SEM TEKNIR VERÐA TIL SKOÐUNAR Í UMHVERFISMATI AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR OG NÝS DEILISKIPULAGS.	20
TAFLA 5.2	VINSUN UMHVERFISÞÁTTA VEGNA AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR OG NÝS DEILISKIPULAGS.	21
TAFLA 5.3	UMHVERFISVIÐMIÐ	22
TAFLA 5.4	UMHVERFISVÍSAR	23
TAFLA 6.1	TÍMAÁÆTLUN VERKEFNIS	27



1 Inngangur

Sveitarfélagið Árneshreppur hyggst vinna breytingu á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025. Fyrirhuguð skipulagsbreyting tekur til þess hluta gildandi aðalskipulags sem snýr að Hvalárvirkjun og virkjunarsvæðis hennar ásamt tengilínu rafmagns og Ófeigsfjarðarveggar. Skipulagsbreytingin tekur bæði til sveitarfélagsuppráttar I og II. Fyrirhuguð breyting er í samræmi við meginstefnu gildandi aðalskipulags sem gerir ráð fyrir Hvalárvirkjun, aðeins er um breytingu á útfærslu og umfangi að ræða.

Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting mun fela í sér að afl og ársframleiðsla Hvalárvirkjunar eykst en umfang virkjunarsvæðisins verður óbreytt. Umfangi uppistöðulóna verður breytt ásamt legu stíflumannvirkja og jarðganga vegna vatnsmiðlunar. Iðnaðarsvæði sem rúmar stöðvarhús og önnur aðstöðuhús verður færð til og umfangi þess breytt. Íbúðarsvæði innan virkjunarsvæðisins verður fellt út þar sem ekki er gert ráð fyrir fastri viðveru á svæðinu. Gönguleið yfir Ófeigsfjarðarheiði verður færð til og vegir um virkjunarsvæðið verða skilgreindir en þeir eru ekki birtir í gildandi aðalskipulagi. Það á einnig við um efnistöku- og haugsvæði innan virkjunarsvæðisins. Jafnframt er gert ráð fyrir breyttri legu Hvalárlínu sem er tengilína rafmagns frá Hvalárvirkjun og endurbótum á Ófeigsfjarðarvegi. Breytingar verða gerðar á uppdrætti og/eða greinargerð eftir því sem tilefni er til. Nánar er fjallað um viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar í kafla 3.

Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður unnið deiliskipulag fyrir Hvalárvirkjun. Deiliskipulagið verður í samræmi við frummatsskýrslu og í samræmi við breytt aðalskipulag. Afmörkun deiliskipulagsins mun fylgja afmörkun virkjunarsvæðisins í gildandi aðalskipulagi. Gerð verður grein fyrir tegund orkuöflunar og umfangi, ásamt orkuflutningi af svæðinu. Helstu þættir deiliskipulagsins eru skilmálar og afmörkun lóða og byggingarreita fyrir byggingar ásamt bilastæðum. Einnig verða settir skilmálar og framkvæmdareitir afmarkaðir fyrir önnur mannvirki virkjunarinnar, efnistöku og haugsetningu og grein gerð fyrir lagnaleiðum. Umferðaleiðir innan svæðisins verða skilgreindar auk tenginga við þjóðveg. Ákvæði verða sett um frágang og hugsanlegar mótvægisáðgerðir. Deiliskipulagið mun taka mið af staðháttum, s.s. náttúruvá, minjum, lífríki og landslagi sem og niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Nánar er fjallað um viðfangsefni deiliskipulagsins í kafla 3.

Bæði aðalskipulagsbreytingin og nýtt deiliskipulag eru háð umhverfismati áætlana. Samhliða skipulagsvinnunni verður unnið umhverfismat fyrir hvort skipulagsstig, þar sem metin verða heildaráhrif virkjunarinnar. Nánar er fjallað um gerð umhverfismatsins í kafla 5.

Skv. 4. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 skulu allar framkvæmdir sem teljast meiriháttar, hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Ekki þarf að afla framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmdir sem eru háðar byggingarleyfi skv. 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skv. 5. mgr. 13. gr. laganna getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu fyrir framkvæmdir í samræmi við aðalskipulag ef deiliskipulag liggur ekki fyrir. Skv. 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 geta m.a. enduruppbygging vega, stígar, efnistaka á landi og flutningskerfi rafveitna verið háðar framkvæmdaleyfi. Gert er ráð fyrir að sótt verði um framkvæmdaleyfi á grundvelli breytts aðalskipulags fyrir þessa þætti á því svæði sem liggur utan marka deiliskipulagsins.

Í tengslum við gerð gildandi aðalskipulags var unnin fornleifaskrá fyrir Árneshrepp. Fjöldi skráðra fornminja er á framkvæmdasvæðinu en á uppdrætti gildandi skipulags eru aðeins birtar þær fornminjar sem talið er að njóta eigi forgangs í rannsóknum. Við gerð skipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsins verður tekið mið af fornleifaskránni. Skráðar fornminjar nærri framkvæmdasvæðum verða birtar á uppdrætti og leitast verður við að beina framkvæmdum frá þeim.

Skv. 3. mgr. 15. gr. reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000 er óheimilt að skipuleggja svæði fyrir atvinnustarfsemi áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta folks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr. sömu reglugerðar. Hætta vegna ofanflóða hefur ekki verið metin. Gert er ráð fyrir að hættumat verði unnið ef ástæða er talin til þess og mið tekið af því við gerð skipulagsins. Ekki er talin þörf á hættumati vegna annarrar náttúruvá á svæðinu.

1.1 Aðdragandi og markmið

VesturVerk ehf. áformar að virkja rennsli Hvalár, Rjúkanda og Eyvindarfjarðarár til raforkuframleiðslu, s.k. Hvalárvirkjun. Gert er ráð fyrir að afl virkjunarinnar verði um 55 MW og orkuframleiðsla verði um 320 GWh á ári.

Hvalá er einn þeirra virkjunarkosta sem metnir voru í 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Í þingsályktun nr. 13/141 um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða var Hvalárvirkjun skipað í orkunýtingarflokk og var annar af aðeins tveimur vatnsaflskostum í nýtingarflokki. Jafnframt var Hvalárvirkjun eini kostur í nýtingarflokki á Vestfjörðum. Í tillögu verkefnastjórnar 3. áfanga áætlunarinnar er virkjunin áfram í nýtingarflokki.

Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025 var staðfest 28. jan. 2014, en þar er gert ráð fyrir Hvalárvirkjun, tengingu hennar við landsnetið og bættum samgöngum. Á vinnslutíma skipulagsins var hönnun Hvalárvirkjunar í vinnslu, auk þess sem unnið var að umhverfismati framkvæmdarinnar. Frummatsskýrsla Hvalárvirkjunar var lögð fram sumarið 2016. Í hönnunar- og matsferlinu hafa áherslur og umfang fyrirhugaðra framkvæmda breyst lítillega og ákveðnir þættir, sem ekki lágu fyrir við gerð gildandi aðalskipulags, hafa verið nánar útfærðir. VesturVerk ehf. hefur því óskað eftir því við Árneshrepp að gerðar verði breytingar á aðalskipulagi og unnin verði tillaga að deiliskipulagi með tilgreindar forsendur að leiðarljósi.

Markmið framkvæmdarinnar er að auka framleiðslu raforku innan Vestfjarða og um leið bæta afhendingaröryggi þar, sem er það lakasta á landinu. Með því er jafnframt stefnt að því að þörfin minnki fyrir varaafli knúið jarðefnaeldsneyti.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að skapa svigrúm fyrir virkjun Hvalár í samræmi við stofnmarkmið gildandi skipulags. Eitt af stofnmarkmiðum gildandi aðalskipulags er að unnið verði að virkjun Hvalár.

Markmið deiliskipulagsins er að skapa svigrúm fyrir virkjun Hvalár í samræmi við breytt aðalskipulag. Þá er markmiðið einnig að framkvæmdin valdi eins lítilli röskun á umhverfinu og kostur er, bæði til lengri og skemmri tíma, s.s. með aðlögun mannvirkja að landslagi, vönduðum frágangi og mótvægisáðgerðum.

1.2 Matsskylda

1.2.1 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kveða á um það að meta skuli umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið. Í 1. viðauka laganna eru taldar upp þær framkvæmdir sem kunna að vera eða eru matskyldar. Framkvæmdirnar eru flokkaðar í A, B og C og eru framkvæmdir í A flokki ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Gert er ráð fyrir að afl virkjunarinnar verði um 55 MW og orkuframleiðsla verði um 320 GWh á ári og fellur því framkvæmdin undir tölulið 3.02. í 1. viðauka ofangreindra laga, en þar segir:

„Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.“


Töluliður 3.02 er í A flokki og er framkvæmdin því háð mati á umhverfisáhrifum. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar og var frummatsskýrsla lögð fram sumarið 2016 eins og áður kom fram.

1.2.2 Umhverfismat áætlana


Skipulagsáætlanager eru háðar umhverfismati, skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, ef þær fela í sér stefnumörkun sem varðar landnotkun og framkvæmdir sem eru tilgreindar í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Eins og fram kemur í kaflanum að ofan er Hvalárvirkjun háð mati á umhverfisáhrifum. Þar af leiðandi fellur aðalskipulagsbreytingin og nýtt deiliskipulag undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfisskýrsla verður því unnin samhliða aðalskipulagsbreytingunni og nýju deiliskipulagi. Nánar er fjallað um þetta í kafla 5 *Umhverfismat áætlana*.



Mynd 1.1 Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025 – hluti sveitarfélagsuppdráttar I. Virkjunarsvæði Hvalár er afmarkað með grænni heilli línu. Hvalárlína er sýnd með rauðri R-merktri línu. Skýringar eru á næstu síðu.



Mynd 1.2 Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025 - hluti sveitarfélagsuppráttar II og skýringar. Ófeigsfjarðarvegur 649 liggur úr Trékyllisvík um Ingólfsfjörð í Ófeigsfjörð. Vegurinn er sýndur með svartri brotalinu.



Mynd 1.3 Skipulagsmörk fyrirhugaðs deiliskipulags.

2 Tengsl við aðrar áætlanir

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi er í samræmi við meginstefnu gildandi aðalskipulags sem gerir ráð fyrir Hvalárvirkjun, aðeins er um breytingu á útfærslu og umfangi að ræða. Gera má ráð fyrir að fyrirhugaðar skipulagsbreytingar muni almennt samrýmast vel gildandi áætlunum. Nýtt deiliskipulag verður unnið samhliða aðalskipulagsbreytingunni og mun það því samræmast breyttu aðalskipulagi.

Við skipulagsgerðina verður sérstaklega horft til þeirra áætlana sem nefndar eru í töflunum hér að neðan.

Tafla 2.1 Tengsl við skipulagsáætlanir innan sveitarfélagsins

Heiti áætlunar	Tengsl áætlunar og tillögu að nýju skipulagi
Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025	Í gildi er aðalskipulag fyrir Árneshrepp. Skoðað verður hvort breytingar á framkvæmdum Hvalárvirkjunar samræmist markmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu.
Deiliskipulag	Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Skv. Skipulagsvefsjá er ekkert deiliskipulag í gildi innan sveitarfélagsins.

Tafla 2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Heiti áætlunar	Hvernig tengist áætlunin tillögu að nýrri áætlun
Landskipulagsstefna 2015-2026	Landskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.
Svæðisskipulag	Ekki er til svæðisskipulag fyrir Vestfirði.
Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030	Virkjunarsvæði Hvalár liggur að sveitarfélagsmörkum Kaldrananeshrepps. Skv. Aðalskipulagi Árneshrepps liggur Hvalárlína í Kaldrananeshrepp um Trékyllisheiði. Ekki er gert ráð fyrir Hvalárlínu í Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps og er því ekki þörf á breytingu á því skipulagi.
Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022	Virkjunarsvæði Hvalár liggur að sveitarfélagsmörkum Strandabyggðar. Breytt Hvalárlína mun jafnframt liggja um land Strandabyggðar og því kalla á breytingu á Aðalskipulagi Strandabyggðar. Ekki er gert ráð fyrir Hvalárlínu í gildandi aðalskipulagi Strandabyggðar.
Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020	Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar gerir ráð fyrir að Hvalárlína verði lögð í Ísafjarðardjúpi en tekur ekki afstöðu til legu hennar. Skoðað verður hvort breyta þurfi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.
Deiliskipulag	Ekkert deiliskipulag er í gildi nærri skipulagssvæðinu. Í Ísafjarðardjúpi er í gildi deiliskipulag fyrir Nauteyri sem tilheyrir Strandabyggð. Tengipunktur Hvalárlínu og hluti línunnar munu hugsanlega liggja innan þess skipulags eða nærri því.



Hættumat vegna ofanflóða í sveitarfélaginu	Hættumat vegna ofanflóða hefur ekki verið unnið fyrir sveitarfélagið.
Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019	Framkvæmdin tengist áætluninni. Þar er lögð áhersla á bættu innviði og samkeppnisstöðu landshlutans, nýsköpun og fjölbreyttara atvinnulíf.
Byggðaaætlun 2014-2017	Framkvæmdin tengist áætluninni. Markmið hennar er m.a. að framleiðsla og dreifing raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings hvað varðar flutningsgetu og dreifingu á raforku og að stöðva viðvarandi fólksfækkun í sveitum landsins.
Þingsályktun um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi. Samþykkt á Alþingi 15. mars 2003	Framkvæmdin tengist ályktuninni. Þar er lögð áhersla á að treysta búsetu og snúa við neikvæðri byggðaþróun í hreppnum með því að efla forsendur byggðarinnar. Áhersla er lögð á verndun menningarminja og menningararfs.
Kerfisáætlun Landsnets 2013-2017 og 2015-2024	Framkvæmdin tengist áætlununum.
Samgönguáætlun 2011-2022	Framkvæmdin tengist ekki samgönguáætlun.
Náttúruverndaráætlun	Ekki eru friðlýstar náttúruminjar innan svæðisins né er svæðið á náttúruminjaskrá.
Verndar- og orkunýtingaráætlun 2013-2017	Hvalá var skipuð í orkunýtingarflokk með þingsályktun nr. 13/141 um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða.
Lokaskýrsla Verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017. Tillögur afhentar umhverfis- og auðlindaráðherra 26. ágúst 2016	Verkefnisstjórnin leggur til að Hvalá verði áfram skipuð í orkunýtingarflokk.
Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020	Framkvæmdin tengist áætluninni. Þar er lögð áhersla á stefnumótun í anda sjálfbærrar þróunar. Markmið sett m.a. hvað varðar verndun náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda.
Menningarstefna í mannvirkjagerð	Framkvæmdin tengist áætluninni. Þar er lögð áhersla m.a. á verndun ósnortins lands, byggingararfs og aðlögun mannvirkja að landslagi sem og gæði þeirra.

3 Skipulagsforsendur og breytingar á skipulagi

3.1 Aðalskipulag

Helstu þættir aðalskipulagbreytingarinnar eru breytt umfang Hvalárvirkjunar og nánari útfærsla á framkvæmdinni. Auk þess er gert ráð fyrir breyttri legu Hvalárlínu og endurbótum á Ófeigsfjarðarvegi.

Í töflu 3.1. er fjallað er um ákvæði gildandi aðalskipulags og fyrirhugaðar breytingar. Frekari grunnupplýsingar er að finna í gildandi aðalskipulagi og frummatsskýrslu Hvalárvirkjunar.

Tafla 3.1 Ákvæði gildandi aðalskipulags og fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi varðandi virkjun Hvalár. Sundurliðun eftir efnisatriðum.

1. Hvalárvirkjun	
Gildandi skipulag	Fyrirhuguð breyting
<p>Svæðið er skilgreint sem virkjunarsvæði á uppdrætti gildandi aðalskipulags. Auk þess er svæðið skilgreint sem óbyggð svæði.</p> <p>Í gildandi aðalskipulagi er fjallað um Hvalárvirkjun en nákvæm útfærsla hennar lá ekki fyrir á vinnslutíma þess. Um virkjunina segir:</p> <p><i>„Eins og málin standa nú hefur verið gerð forathugun á Hvalá og Rjúkanda á Ófeigsfjarðarheiði með miðlunarlóni í Nyrðra-Vatnalautarvatni, með því að stífla útfall Hvalár úr vatninu og með smærri miðlunum á Ófeigsfjarðarheiði. Gert er ráð fyrir að virkjað verði í einu þrepi niður í Ófeigsfjörð með aðrennslisgöngum. Stöðvarhús yrði neðanjarðar inni í Strandafjöllum og útrás frá þeim rétt neðan við Hvalárfoss. Virkjað er fall frá u.þ.b. 300-320 m.y.s. og niður í 5 metra, brúttó fallhæð virkjunarinnar er áætluð um 305 m. Í forathugun var einnig gerð grein fyrir því að veita hluta af Eyvindarfjarðará yfir til Efra-Hvalárvatns með miðlun í neðra Eyvindarfjarðarvatni. Með þessari viðbót yrði miðlunarymi virkjunar allt að 150 Gl, og uppsett afl virkjunar allt að 50MW og framleiðsla allt að 260 GWh á ári.“</i></p> <p>Markmið er varða Hvalárvirkjun í gildandi skipulagi:</p> <p><i>Stofnmarkmið vegna atvinnamála:</i></p> <ul style="list-style-type: none">• Fjölga þyrfti atvinnutækifærum í Árneshreppi og þau verði fjölbreytilegri.• Unnið verði að virkjun Hvalár.	<p>Áfram er gert ráð fyrir að virkja rennsli Hvalár, Rjúkanda og Eyvindarfjarðarár með miðlunarlönunum á Ófeigsfjarðarheiði, aðrennslisgöngum niður í Ófeigsfjörð, stöðvarhúsi neðan Strandarfjalla og útrás í Hvalá. Gert er ráð fyrir að uppsett afl virkjunarinnar aukist úr 50 MW í 55 MW og ársframleiðsla aukist úr 260 GWh/a í 320 GWh/a. Umfang og lega einstakra þátta breytist og er þeim lýst í liðum 2 til 8.</p> <p>Óbreytt umfang virkjunarsvæðis á uppdrætti.</p>



<p><i>Önnur markmið vegna atvinnamála:</i></p> <ul style="list-style-type: none"><i>Hreppsnefnd er jákvæð gagnvart virkjun Hvalár, enda munu við það skapast nokkur störf sem er í samræmi við stefnumótun varðandi þróun byggðar. Þetta mun einnig stuðla að bættum samgöngum, þar sem ljóst er að gera þarf vissar vegabætur verði farið í þessar framkvæmdir, sjá kafla 2.5.1. Loks má nefna að virkjun mun bæta fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins.</i> <p><i>Markmið í raforkumálum:</i></p> <ul style="list-style-type: none"><i>Hreppsnefnd er jákvæð gagnvart virkjun Hvalár.</i>	
2. Uppistöðulón	
Gildandi skipulag	Fyrirhuguð breyting
<p>Í gildandi aðalskipulagi eru inntaks- og miðlunarlón sýnd á uppdrætti og stærð þeirra gefin upp í töflu í greinargerð. Lónin sem eru tilgreind eru inntakslón, Vatnalautamiðlun og Neðra- og Efra Eyvindarfjarðarvatn. Samanlögð stærð þeirra er tæpir 12 km² og miðlunarrými allt að 150 Gl.</p>	<p>Breytt umfang uppistöðulóna. Heildarflatarmál eykst úr tæpum 12 km² í tæpa 13 km² og miðlunarrými eykst úr 150 Gl í 156 Gl.</p>
3. Stíflur og jarðgöng vegna vatnsmiðlunar	
Gildandi skipulag	Fyrirhuguð breyting
<p>Í gildandi aðalskipulagi eru stíflur og jarðgöng vegna vatnsmiðlunar sýnd á uppdrætti en nánari skilgreiningar eru ekki tilgreindar í greinargerð.</p> <p>Í gildandi aðalskipulagi er ekki fjallað um starfsmannabúðir í tengslum við framkvæmdirnar.</p>	<p>Breytingar á legu og umfangi ganga- og stíflumannvirkja.</p> <p>Á framkvæmdatíma er gert ráð fyrir tímabundnum starfsmannabúðum fyrir um 60 manns auk lagerbygginga og áhaldahúss við Neðra-Hvalárvatn á Ófeigsfjarðarheiði. Búðirnar verða staðsettar nærri fyrirhuguðum mannvirkjum og að framkvæmdum loknum verða þær fjarlægðar.</p>

4. Iðnaðarsvæði – stöðvarhús	
Gildandi skipulag	Fyrirhuguð breyting
<p>Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir stöðvarhúsi og öðrum aðstöðuhúsum vegna virkjunarinnar á iðnaðarsvæði I3. Ekki eru sett frekari markmið eða ákvæði fyrir iðnaðarsvæðið í gildandi aðalskipulagi.</p> <p>Í umfjöllun um virkjunina í gildandi skipulagi kemur fram að stöðvarhús verði neðanjarðar inni í Strandarfjöllum og útrás frá því rétt neðan við Hvalárfoss.</p> <p>Í gildandi aðalskipulagi er ekki fjallað um starfsmannabúðir í tengslum við framkvæmdirnar.</p>	<p>Áfram er gert ráð fyrir að stöðvarhúsið verði neðanjarðar í Strandarfjöllum en gert er ráð fyrir að það færast austar og neðar í landið og útrás verði í Hvalárósa um göng undir Hvalá um 500 m sunnan við Hvalárfoss.</p> <p>Aðkomugöng að stöðvarhúsinu verða frá flata við Hvalá. Þar er gert ráð fyrir aðkomuhúsi á tveimur hæðum, alls um 600 m². Þar verður stjórnherbergi, verkstæði, rými fyrir loftræsisamstæðu, vélageymsla og svefnaðstaða, eldhús, snyrting og setustofa fyrir um 8 starfsmenn sem koma tímabundið vegna viðhalds og viðgerða. Ekki er gert ráð fyrir fastri viðveru starfsmanna á svæðinu.</p> <p>Gert er ráð fyrir að iðnaðarsvæði I3 verði fært til, umfangi þess breytt og ákvæði sett í samræmi við ofangreind áform.</p> <p>Á framkvæmdatíma er gert ráð fyrir tímabundnum starfsmannabúðum fyrir um 140 manns auk lagerbygginga og áhaldahúss á þessu svæði. Að framkvæmdum loknum verða búðirnar fjarlægðar.</p>
5. Íbúðarsvæði	
Gildandi skipulag	Fyrirhuguð breyting
<p>Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir íbúðarsvæði ÍS1 í landi Ófeigsfjarðar fyrir allt að fjögur íbúðarhús. Svæðið er um einn ha á stærð.</p> <p><i>Markmið vegna íbúðarsvæðis:</i></p> <ul style="list-style-type: none">• <i>Íbúðarsvæðið verði lagað sem best að aðstæðum og í samræmi við umhverfið.</i>	<p>Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á virkjunarsvæðinu og verður íbúðarsvæði ÍS1 því fellt út.</p>
6. Vegir um virkjunarsvæðið	
Gildandi skipulag	Fyrirhuguð breyting
<p>Vegir á virkjunarsvæðinu eru ekki sýndir á uppdrætti og ekki fjallað sérstaklega um þá í greinargerð.</p>	<p>Gert er ráð fyrir vegum um virkjunarsvæðið frá Ófeigsfjarðarvegi sunnan Hvalár að Neðra Hvalárvatni og þaðan að Neðra Eyvindarfjarðarvatni annars vegar og Rjúkanda hinsvegar, samtals um 25 km.</p>



7. Efnistaka og haugsvæði

Gildandi skipulag	Fyrirhuguð breyting
<p>Engin efnistöku- eða haugsvæði eru skilgreind innan virkjunarsvæðisins, en í greinargerð segir:</p> <p><i>„Gera verður ráð fyrir vissri efnistöku vegna virkjunar Hvalár og styrkingu aðkomuvegar þangað en engar eiginlegar rannsóknir liggja fyrir um hvernig þessu verður háttað enn sem komið er. Talið er að efnið fáist með skeringum og sprengingum sem þörf er á við lagfæringu vegarins. Auk þessa nýtist efni sem kemur úr nauðsynlegri gangnagerð á virkjunarsvæðinu.“</i></p> <p><i>„Gert er ráð fyrir efnistöku á virkjunarsvæði vegna vega- og stíflugerðar o.fl. þátta. Engar áætlanir liggja þó fyrir um lausnir þessara mála og gera verður breytingar á aðalskipulagi hreppsins ef þörf er á vegna þessa.“</i></p> <p>Í botni Ingólfsfjarðar er efnistökusvæði merkt ES3. Um er að ræða litla malarnámu í fjörुकantinum.</p> <p>Stefna gildandi aðalskipulags er varðar efnistöku:</p> <p><i>Stofnmarkmið vegna efnistöku:</i></p> <ul style="list-style-type: none"><i>Öll efnistaka fari fram með skipulegum hætti og í samræmi við stefnu hreppsnefndar.</i> <p><i>Markmið vegna efnistöku:</i></p> <ul style="list-style-type: none"><i>Gera skal kröfur um sómasamlega umgengni við efnisvinnslu þar sem hún er stunduð, þannig að sem minnst umhverfisspjöll hljóti af. Þegar efnisvinnslu lýkur þarf að gera kröfur um góðan frágang á efnistökusvæðinu. Við efnisvinnslu ber að taka mið af VI. kafla og 48. gr. laganna um náttúruvernd nr. 44/1999, m.s.br.</i><i>Efnisvinnsla á nýjum svæðum er háð mati á efnisgæðum, hagkvæmni og framlögðu skipulagi efnistöku sem taki til eftirlits og frágangs námu að vinnslu lokinni. Ef svo háttar til þarf ýmist að tilkynna um nýjar námur vegna</i>	<p>Efnistöku- og haugsvæði skilgreind innan virkjunarsvæðisins. Gert er ráð fyrir um átta efnistökusvæðum uppi á Ófeigsfjarðarheiði í námunda við lón og einu svæði við ósa Hvalár, samtals um 0,7 km² að flatarmáli. Þar er einnig gert ráð fyrir haugsvæði, um 0,1 km² að flatarmáli.</p> <p>Áætluð efnisþörf framkvæmda innan virkjunarsvæðisins er tæpir 1.700 þús. m³ og um 100 þús. m³ til endurbóta á Ófeigsfjarðarvegi.</p> <p>Áætluð efnisþörf í stíflur uppi á heiðinni er um 1.550 þús. m³. Gert er ráð fyrir að tæp 1.100 þús. m³ efnis sem fellur til vegna skurða- og gangagerðar og fæst úr lónstæðum verði nýtt til stíflugerðar en að umframefni verði sótt í námur á heiðinni.</p> <p>Efni úr neðri hluta ganga verður nýtt í endurbætur vega og framkvæmdir á neðra svæðinu. Þó er gert ráð fyrir að haugsetja þurfi um 130.000 m³ efnis á þessu svæði.</p> <p>Efnismagn fyllinga og skeringa vegna endurbóta á Ófeigsfjarðarvegi mun haldast í hendur.</p> <p>Annað efni sem ekki fæst á svæðinu verður sótt í opnar námur innan sveitarfélagsins skv. gildandi aðalskipulagi s.s. við Gjögur.</p>



<p><i>hugsanlegs mats á umhverfisáhrifum eða fara fram umhverfismat vegna námuvinnslnnar.</i></p> <ul style="list-style-type: none">• <i>Haft skal samráð við stjórnslu veiðimála, samkvæmt 42. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði m.s.br., áður en framkvæmdaleyfi er veitt til efnistöku úr ám eða áreyrum.</i>• <i>Tímabundnar námur, með takmarkaðri efnisvinnslu, vegna vegagerðar verða ekki hluti af staðfestu aðalskipulagi hreppsins.</i>	
8. Hvalárlína	
Gildandi skipulag	Fyrirhuguð breyting
<p>Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins eru metin umhverfisáhrif háspennulína vegna Hvalárvirkjunar, annars vegar lína A – vestur yfir Ófeigsfjarðarheiði og hins vegar lína B – suður Strandir um Húsárdal og austur fyrir Búrfell, auk þess sem núll-kostur er metinn. Niðurstaða matsins var að báðar línurnar hefðu sömu umhverfisáhrif. Í gildandi aðalskipulagi er línuleið B valin.</p> <p>Línan liggur um virðjunarsvæði og óbyggð svæði í gildandi aðalskipulagi.</p> <p>Stefna gildandi aðalskipulags er varðar stofnlínu rafmagns:</p> <p><i>Stofnmarkmið vegna rafveitu:</i></p> <ul style="list-style-type: none">• <i>Unnið verði að virkjun Hvalár.</i> <p><i>Markmið í raforkumálum:</i></p> <ul style="list-style-type: none">• <i>Raflínur verði að jafnaði lagðar í jörðu þar sem því verður við komið til að draga úr veðurskemmdum. Einnig til að draga úr spjöllum á landbúnaðar-, verndar- og óbyggðum svæðum.</i> <p><i>Tillaga um legu háspennulínu frá virkjuninni hefur komið fram. Þar er gert ráð fyrir að hún liggi suður Strandir um Húsárdal og austur fyrir Búrfell. Nánari útfærsla á háspennulínu, verður þó ekki endanlega ákvörðuð fyrr en að loknum vettvangsrannsóknum. Háspennulínan mun verða auglýst og fara í umhverfismat þegar þar að kemur.</i></p>	<p>Fyrirhuguð leið Hvalárlínu verður færð úr Húsárdal yfir á Ófeigsfjarðarheiði, þ.e. línuleið A í umhverfisskýrslu gildandi aðalskipulags. Tekin verður afstaða til þess hvort línan skuli vera jarðstrengur eða loftlína, að hluta eða í heild. Innan sveitarfélagsins verður öll línuleiðin innan virðjunarsvæðisins.</p> <p>Framhald línunnar mun liggja í Ísafjarðardjúp um land Strandabyggðar, en fyrirhuguð er breyting á Aðalskipulagi Strandabyggðar vegna þessa.</p>



Í Húsárdal eru skráðar fornminjar (nr. 16) sem skv. gildandi skipulagi njóta forgangs í rannsóknum.	
9. Göngu- og reiðleiðir	
Gildandi skipulag	Fyrirhuguð breyting
<p>Í gildandi aðalskipulagi eru skilgreindar sex göngu- og/eða reiðleiðir um skipulagssvæðið:</p> <p>GL-10. Gönguleið frá Valgeirsstöðum að Ingólfsfirði.</p> <p>GL-11. Gönguleið frá Ingólfsfirði að Ófeigsfirði.</p> <p>GL-12. Gönguleið frá Ófeigsfirði að Krákutúni.</p> <p>GL-13. Gönguleið frá Krákutúni upp á Drangajökul.</p> <p>GL-17. Vörðuð gönguleið úr Hraundal í Ísafjarðardjúpi og yfir í Ófeigsfjörð. Einnig reiðleið.</p> <p>RL-2. Reiðleið af Bjarnarfjarðarhálsi niður á Eyrarháls.</p> <p>Stefna gildandi aðalskipulags varðandi göngu- og reiðleiðir:</p> <ul style="list-style-type: none">• Helstu göngu- og reiðleiðir hafa verið skilgreindar og eru staðfestar í aðalskipulaginu. <p>Gert er ráð fyrir að reiðleið fari eftir tengiveginum norður Strandir. Auk þess nýtast þrjár merktar gönguleiðir; GL4, GL5 og GL17, einnig sem reiðleiðir. Loks er gert ráð fyrir reiðleið um línuveg sem liggur af Bjarnarfjarðarhálsi og tengist smalavegi sem kemur niður á Eyrarhálsi.</p> <p>Göngu- og reiðleiðir eru aðeins sýndar á sveitarfélagsupprætti I. Reiðleiðin sem fylgir tengiveginum norður Strandir liggur aðeins í Norðurfjörð.</p> <p>Göngu- og reiðleiðin GL-17 sem liggur um Ófeigsfjarðarheiði fer um svæði milli Nyrðra- og Syðra-Vatnalautavatns.</p>	<p>Gert er ráð fyrir að Nyrðra- og Syðra-Vatnalautavatn sameinist í einu miðlunarlóni sem þar með lokar göngu- og reiðleið GL-17. Gert er ráð fyrir að göngu- og reiðleiðin færast suður fyrir miðlunarlónið. Leiðin lengist en verður öruggari og auðfarnari.</p> <p>Engin breyting verður á öðrum göngu- og reiðleiðum.</p>
10. Þjóðvegur 649 – Ófeigsfjarðarvegur	
Gildandi skipulag	Fyrirhuguð breyting
Ófeigsfjarðarvegur liggur um landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði í gildandi aðalskipulagi og er	Gert er ráð fyrir endurbótum á veginum frá Trékyllisvík um Eyrarháls og Ingólfsfjörð í Ófeigsfjörð að Hvalá/virkjanasvæði. Vegurinn verður að mestu í núverandi vegstæði en

flokkaður sem aðrir vegir. Stefna aðalskipulagsins er varðar Ófeigsfjarðarveg:

Stofnmarkmið vegna samgangna:

- *Hreppsnefnd leggur áherslu á mikilvægi hvers konar samganga innan og utan hreppsins.*
- *Vegur norður í Ófeigsfjörð verði byggður upp í hinni sömu veglínu og núverandi slóð liggur.*

Markmið í samgöngumálum:

- *Í tengslum við virkjun Hvalár þarf að bæta veginn norður yfir Eyrarháls og allt að fyrirhuguðu stöðvarhúsi.*

Undirbúningur framkvæmda varðandi Hvalárvirkjun er að ýmsu skammt á veg komin eins og fram kemur í skipulagsgögnum. Komi til breytinga á landnotkun vegna uppbyggingar þar er gert ráð fyrir að breytingar verði gerðar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Þetta gæti snert legu vega og opnun efnisnáma til vegagerðar.

Á Eyri í Ingólfsfirði eru skráðar fornminjar (nr. 6) sem skv. gildandi skipulagi njóta forgangs í rannsóknum.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að gönguleið fylgi þjóðveginum frá Eyri í Ingólfsfirði að Húsá í Ófeigsfirði, þaðan með ströndinni yfir Hvalá og áfram norður Strandir.

veglínan breytist á ákveðnum köflum, samtals um 11,5 km.

Vegurinn mun áfram liggja um **landbúnaðarsvæði** og **óbyggð svæði** og verða flokkaður sem **aðrir vegir**. Fjöldi skráðra fornminja er nærri Ófeigsfjarðarvegi.



3.1 Deiliskipulag

Deiliskipulagið byggir á stefnu aðalskipulagsins. Í deiliskipulaginu verða teknar ákvarðanir og settir skilmálar um Hvalárvirkjun, þ.e. framkvæmdir, byggingar og önnur mannvirki sem tengjast framkvæmdinni til lengri og skemmri tíma og samspili virkjunarinnar við umhverfið.

Tafla 3.2 Helstu þættir deiliskipulagsins

Nýtt deiliskipulag	
<i>Umfang virkjunar</i>	Grein gerð fyrir tegund orkuöflunar, áætluðu afl og umfangi virkjunarinnar.
<i>Lóðir og byggingarreitir</i>	Afmörkun lóða og byggingarreita fyrir stöðvarhús og aðkomuhús og grein gerð fyrir fyrirkomulagi bílastæða og aðkomuleiða. Afmörkun tímabundinna lóða og byggingarreita fyrir starfsmannabúðir, lagerbyggingar og áhaldahús. Tímamörk sett um hvenær lóðir falla út og byggingar skuli fjarlægðar.
<i>Framkvæmdareitir</i>	Afmörkun framkvæmdareita fyrir uppistöðulón, stíflumannvirki og veitugöng og -skurði og umfang þeirra skilgreint. Afmörkun framkvæmdareita fyrir efnistöku og haugsetningu og umfang þeirra skilgreint. Tímamörk sett um nýtingu og frágang.
<i>Veitur</i>	Legu og gerð Hvalarlínu. Legu veitulagna innan svæðisins og tímamörk. Öflun neysluvatns og fyrirkomulag fráveitu, bæði vegna tímabundinnar og varanlegrar nýtingar.
<i>Umferðaleiðir</i>	Legu og gerð vega innan svæðisins og tímamörk. Tenging vega við þjóðveg. Legu og gerð göngu- og reiðleiða innan skipulagssvæðisins í samræmi við aðalskipulag.
<i>Landmótun og frágangur</i>	Landmótun og aðlögun mannvirkja að landi. Frágangur að loknum framkvæmdatíma. Umgengni um náttúru á framkvæmdatíma. Mótvægisáðgerðir.

4 Staðhættir og umhverfisaðstæður

4.1 Staðhættir

Landslag er víða stórbrotið í Árneshreppi sem er nyrsta sveitarfélag Strandasýslu. Ströndin er vogskorin og undirlendi fremur lítið, há hamrafjöll gnæfa yfir byggð. Blágrýti er meginbergtegund í Árneshreppi.

Berggrunnur við Hvalá er einsleitur stafli basaltlaga frá Tertier. Aldur bergsins er líklega um 10-13 miljónir ára og sér lítið í setlög á milli basaltlaganna. Halli er 4-8° út til strandar. Strik (lárétt lína þvert á hallastefnu) sést vel á skerjum utan við ströndina. Skerin stefna N-S með örfáum undantekningum.

Berggrunnurinn við ströndina, og raunar talsvert vestur eftir Ófeigsfjarðarheiði, er jökulskafin með Grettistök á við og dreif. Sárálitið er um laus jarðlög á heiðinni utanverðri og jökulruðning er varla að sjá fyrr en vestur við Vatnalautarvatn. Berggrunnurinn er því vel opinn á svæðinu og basaltlögin í hlíðinni blasa við frá ströndinni.

Ströndin einkennist af berum klöppum með dálitla mól í básum og smávíkum. Litlar malarfyllur er þó að sjá við ósa ána.

Misgengi og sprungur eru mjög áberandi og langar lægðir nokkurra metra og jafnvel tuga metra djúpar má rekja um langan veg. Víða sést til bergganga í og við sprungurnar.

Lítil merki eru um grunnvatn utan smálinda í tengslum við sprungur og ekki síst skafli í leysingum. Jarðhiti hefur fundist á nokkrum stöðum á svæðinu. Hæsti mældi hiti á Ófeigsfjarðarheiði er um 35°C og norður á Dröngum hefur hiti mælst um 45°C. Jarðhitinn virðist bundinn við sprungurnar.

Eignarhald

Virkjanasvæði Hvalárvirkjunar er í einkaeign og eru landamerki í norðri um Eyvindarfjarðará. Landið norðan árið er einnig í einkaeign og liggja fyrir samningar við eigendur um nýtingu vatnsréttinda.

Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 kveða á um að ákvarða skuli mörk eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Óbyggðanefnd sker úr um hvaða land skuli teljast til þjóðlendna og er í lögum kveðið á um málsmeðferð. Málsmeðferð er víða lokið en í Strandasýslu er hún ekki hafin.

Vatnafar

Hvalá í Ófeigsfirði á upptök á Ófeigsfjarðarheiði ofan við Nyrðra-Vatnalautavatn og rennur þaðan í gegnum Nyrðra-Vatnalautarvatn og Neðra-Hvalárvatn til sjávar. Vatnasvið Hvalár, sem hefur afrennsli af Ófeigsfjarðarheiði, nær allt norður til suðurenda Drangajökuls og suður að vatnaskilum við Selá í Steingrímsfirði og er ós hennar í 3 km fjarlægð frá bæjarhúsum Ófeigsfjarðar. Neðri hluti vatnasviðs Hvalár og Rjúkanda er allvel gróinn, en efri hlutinn er lítt gróinn. Eyvindarfjarðarvötn eiga vatnasvið upp að suðausturenda Drangajökuls.

Búseta og nytjar

Engin föst búseta er í Ófeigsfirði en að sumarlagi er þar einn ábúandi. Sumardvöl er einnig í Ingólfsfirði.

Ófeigsfjörður og Ófeigsfjarðarheiði hafa frá fornu fari verið nýtt til sauðfjárbeitar. Ekki er lengur sauðfé þar en fé frá bæjum suður af, m.a. frá Norðurfirði gengur í Ófeigsfjörð.

Æðarvarp er nytjað í Ófeigsfirði en hefur farið minnkandi. Sama má segja um reka en hann hefur verið nýttur í Ófeigsfirði frá upphafi byggðar en dregið hefur úr reka síðustu ár. Selveiðar hafa verið stundaðar í Ófeigsfirði frá öröfi alda og þar voru selalátur. Í dag eru aðeins veiddir þar örfáir selir.

Strandveiðar á grásleppu eru stundaðar við Ófeigsfjörð. Silungur hefur verið veiddur í Hvalá en hann gengur upp að Hvalárfossi sem er u.þ.b. 1 km fyrir ofan ós Hvalár.



Náttúru og menningarminjar

Engin friðlýst svæði eru í nánunda við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Svæði á náttúruminjasrá í Árneshreppi eru Drangaskörð, Gljásteyn, Veiðileysa og Kaldbaksdalur. Af þeim eru Drangaskörð næst.

Ekki er vitað um jarðminjar sem njóta verndar samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd ef fossar og vötn eru undanskilin og ekki er talið að framkvæmdir skerði mýrar og flóa yfir 2 ha.

Fornminjar voru skráðar af Fornleifastofnun Íslands í tengslum við gerð aðalskipulags Árneshrepps og var hefti er nefnist „Fornleifar frá Kolbeinsvík til Kjörvogs og frá Seljanesi til Skjaldbjarnarvíkur“ fylgiskjal með aðalskipulaginu. Um 20 minjar eru innan svæðis og tengjast þær helst sjósókn og búskap svo sem naust, lending, beitarhús, réttir, fjárhús o.fl. Einnig eru þarna fornleifar tengdar þjóðleiðum og ferðum, svo sem vörður og vöð.

Ferðamennska og útivist

Strandir eru vaxandi ferðamannasvæði sem er fyrst og fremst sótt af göngufólki en einnig af hestamönnum og kajakræðurum. Vegurinn norður Strandir endar við Hvalá í Ófeigsfirði og er þar oft annað hvort upphafsstaður eða endastaður gönguferða.

Göngu- og reiðleið er á milli Ófeigsfjarðar og Skjaldfannar á Langadalsströnd.

5 Umhverfismat áætlana

Skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 skal meta hvaða áhrif skipulagsáætlunin mun hafa á náttúrulegt, félagslegt og efnahagslegt umhverfi. Hluti af því ferli er gerð þessarar matslýsingar, þ.e.a.s. lýsing á því hvernig staðið verður að umhverfismatinu við breytingu aðalskipulagsins og gerð nýs deiliskipulags. Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrrnefnd lög. Þar skal meta áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í skipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir, sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, engin eða óveruleg, eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfispætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skal taka mið af niðurstöðum þessa mats.

5.1 Áhrifaþættir

Í kafla 3 er fjallað um einstaka þætti aðalskipulagsbreytingarinnar og nýs deiliskipulags. Þeir þættir framkvæmdarinnar sem líklegir eru til að hafa áhrif á umhverfið, svokallaðir áhrifaþættir, eru tilgreindir í töflu 5.1 hér að neðan. Áhrifaþættirnir eru misjafnlega umfangsmiklir og tekur matið mið af því. Ríkust áhersla verður lögð á þau tilvik þar sem búast má við hvað mestum áhrifum af aðalskipulagsbreytingunni og/eða framfylgd deiliskipulagsins. Áhersla verður lögð á að meta áhrifin heildstætt, þ.e. að tekið verði tillit til allra þeirra umhverfis- og áhrifaþátta sem skipt geta máli við matið.

Tafla 5.1 Áhrifaþættir sem teknir verða til skoðunar í umhverfismati aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags.

Áhrifaþættir	Aðalskipulagsbreyting	Nýtt deiliskipulag
Hvalárvirkjun í heild	X	
Uppistöðulón, stíflur og veituskurðir	X	X
Veitugöng og tengd mannvirki		X
Vegir um virkjunarsvæðið	X	X
Byggingar og önnur mannvirki (einnig tímabundin mannvirki)		X
Efnistaka og haugsetning	X	X
Hvalarlína	X	X
Göngu- og reiðleiðir	X	X
Breytt lega þjóðveggar 649 - Ófeigsfjarðarveggar	X	

5.2 Umhverfispættir

Umhverfispættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er umhverfi skilgreint sem „samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft veðurfar, eignir, menningararfleifið, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.“

Eins og kemur fram í kafla 1.2.2 þá er framkvæmdin háð umhverfismati áætlana og verður því gerð umhverfisskýrsla fyrir hvort skipulag um sig, þar sem fjallað verður um þá þætti sem tengjast skipulagsgerðinni.

Sömu umhverfispættir verða teknir til skoðunar í breytingu á aðalskipulaginu og í nýju deiliskipulagi. Í umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar verða skoðuð heildaráhrif virkjunarinnar en í umhverfismati deiliskipulagsins verða skoðuð nánar áhrif framfylgdar nýs deiliskipulags. Frummatsskýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar var birt



sumarið 2016 og verður tekið mið af niðurstöðum hennar við gerð umhverismats beggja áætlananna. Tafla 5.2 sýnir vinsun umhverfispáttá fyrir báðar skipulagsáætlanirnar.

Tafla 5.2 Vinsun umhverfispáttá vegna aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags.

Umhverfispáttir	Umhverfispáttur tengist aðalskipulagsbreytingu		Skýringar
	Já	Nei	
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>			
Loftslag		✓	
Vatnafar	✓		Fossar og ár. Eyvindarfjarðará, Hvalá og Rjúkandi.
Sjór/Strandsvæði	✓		Breytt rennsli. Efnistaka og vegagerð.
Jarðmyndanir	✓		Stíflumannvirki, göng, skurðir, efnistaka Hvalárlína og vegagerð.
Jarðhitasvæði		✓	
Gróður	✓		Uppistöðulón, vegagerð, efnistaka og haugsetning.
Dýralíf	✓		Uppistöðulón, stíflur, göng, breytt rennsli, Hvalárlína og vegagerð.
<i>Heilsa og öryggi</i>			
Heilsufar		✓	
Óþægindi	✓		Framkvæmdir.
Náttúruvá	✓		Meta þarf hvort hætta er á ofanflóðum á atvinnusvæðum.
Samfélagsöryggi		✓	
<i>Hagrænir og félagslegir þættir</i>			
Efnahagur og atvinnulíf	✓		Virkjun, Hvalárlína og vegagerð.
Íbúapróun	✓		Framkvæmdir.
Verslun og þjónusta	✓		Framkvæmdir.
Útivist og tómstundir	✓		Göngu- og reiðleið yfir Ófeigsfjarðarheiði.
Ferðamennska	✓		Virkjun, efnistaka, Hvalárlína og vegagerð.
Samgöngur	✓		Lagfæringar á Ófeigsfjarðarvegi. Nýir vegir á Ófeigsfjarðarheiði hafa áhrif á göngu- og reiðleiðir.
Efnisleg verðmæti	✓		Virkjun og vegagerð.
Húsnæðismál	✓		Eftirspurn á framkvæmdatíma.
Byggðamynstur		✓	
Landnotkun	✓		Breytt landnotkun.
<i>Náttúru- og menningarminjar</i>			
Náttúruminjar		✓	Ekki er vitað um neinar náttúruminjar á svæðinu.
Menningarminjar	✓		Vörður á Ófeigsfjarðarheiði. Menningarminjar finnast innan virkjunarsvæðisins og nærri Ófeigsfjarðarvegi.
<i>Landslag</i>			
Ósnortin viðerni	✓		Hvalárlína sem og heildarumfang framkvæmda.

Ásýnd lands	✓	Virkjunarmannvirki, vegir, Hvalárlína, efnistaka og haugsetning.
Menningarlandslag	✓	Pingsályktun um verndun búsetu- og menningarlandslags í Árneshreppi. Skipulagssvæðið er nærri menningarlandslagi.

5.3 Stefnukostir

Aðalskipulagsbreytingin mun fela í sér breytingar sem lýst er í kafla 3. Metin verða líkleg veruleg umhverfisáhrif af framkvæmd áætlunarinnar sem og raunhæfra valkosta við hana.

Í umhverfismati deiliskipulagsins verða metin áhrif framfylgdar deiliskipulagsins (sbr. kafla 3) miðað við ástand svæðisins í dag.

Við mat á umhverfisáhrifum *aðalskipulagsbreytingarinnar* verður fjallað um eftirfarandi valkosti:

- **Núllkostur** – Felst í óbreyttri landnotkun á svæðinu miðað við gildandi aðalskipulag.
- **Skipulagstillagan** – Felst í því að breyta skilgreiningu á landnotkun vegna breytts umfangs Hvalárvirkjunar og nánari útfærslu hennar, s.s. staðsetningu og umfangs iðnaðarsvæðis, útfellingu íbúðarsvæðis, breyttri göngu- og reiðleið, nýjum vegum og efnistöku- og haugsvæði innan virkjunarsvæðisins. Tillagan felur einnig í sér breytta legu Hvalárlínu og endurbætur á Ófeigsfjarðarvegi.

Við mat á umhverfisáhrifum *deiliskipulagsins* verður fjallað um eftirfarandi valkosti:

- **Núllkostur** – Felst í óbreyttu ástandi skipulagssvæðisins.
- **Skipulagstillagan** – Felst í því að skipuleggja svæðið í samræmi við framkvæmdalýsingu sem birt er í frummatsskýrslu mats á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar.

5.4 Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati

Áhrif áætlana á tiltekna umhverfisþætti eru metin með samanburði fyrirfram gefinna umhverfisviðmiða og grunnástands umhverfisins.

Umhverfisviðmið, sem notuð eru sem mælikvarði til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag hefur í för með sér, eru sýnd í töflu 5.3. Þeir vísar sem notast verður við eru sýndir í töflu 5.4.

Tafla 5.3 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið	
<i>Lög</i>	
Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.	
Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, m.s.br.	
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.	
Skipulagslög nr. 123/2010.	
Lög um menningarminjar nr. 80/2012.	
Mannvirkjalög nr. 160/2010.	
Lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.	
<i>Reglugerðir</i>	
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.	
<i>Áætlanir</i>	
Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025.	
Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019	
Byggðaaætlun 2014-2017.	



Kerfisáætlun Landsnets 2014-2023.
Samgönguáætlun 2011-2022.
Önnur stefnuskjöl stjórnvalda
Náttúruminjasráð.
Náttúruverndaráætlun 2009-2013.
Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands.
Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.
Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Menningarstefna í mannvirkjagerð.
Evrópski landslagssáttmálinn
Ramsarsamningur um votlendi
Stefnuörkun Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika.

Tafla 5.4 Umhverfisvísar

Umhverfisvísar
Gróðurfar
Fuglalíf
Fiskgengd
Náttúruminjar
Fágæti landslags
Mengun
Áhætta vegna ofanflóða
Staða atvinnulífs og fjölbreytni
Hagvöxtur
Íbúafjöldi
Þjónustustig og aðgengi að þjónustu
Eignarhald og nýting mannvirkja
Umferð
Aðgengi að útivist og náttúru
Náttúruminjar
Nýtingarsaga
Fornleifaskrá
Víðerni
Landslagsheildir
Ásýnd
Röskun

5.5 Aðferðir matsvinnu og framsetning niðurstaðna

Við umhverfismat áætlananna verður stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis ásamt þeim gögnum sem fyrir liggja og unnin hafa verið í tengslum við mögulega virkjun



Hvalár og Rjúkanda og umhverfismats framkvæmdarinnar. Þá verður einnig leitað til sérfróðra manna og stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðhættum, gerist þess þörf.

Umhverfisskýrsla fyrir hvora skipulagsáætlun, þar sem greint verður frá mögulegum umhverfisáhrifum af skipulaginu, verður unnin samhliða skipulagsgerðinni.

Framsetning umhverfismats verður í formi texta og/eða venslataflna. Lögð verður fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslum til lögbundinnar kynningar.



6 Skipulagsferlið

6.1 Verklag og yfirlit yfir ferlið

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á verkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni. Þar sem fyrirhuguð framkvæmd kallar bæði á breytingu á gildandi aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag er hér tekin saman sameiginleg lýsing fyrir bæði verkefni. Er það gert til einföldunar fyrir almenning og umsagnaraðila þar sem viðfangsefni og lausn þeirra eru nátengd.

Breytingin á aðalskipulaginu og deiliskipulagið falla undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana vegna liðar 3.02. í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Vegna þessa er þörf á að gera matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi og vegna nýs deiliskipulags skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Lýsing skipulagsverkefnanna og viðeigandi matslýsingar eru sameinaðar í samræmi við 4.2.2. gr. og 5.2.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Breyting á gildandi aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag verða unnin samhliða og þau kynnt og auglýst samtímis þannig að almenningur og umsagnaraðilar fái eins skýra mynd af áætluninni og kostur er.

6.2 Kynning og samráð

Kynning lýsingarinnar verður í samræmi við gr. 4.2.4. og 5.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lýsinguna verður hægt að nálgast á vefsíðunni www.arneshreppur.is. Hún verður auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í héraðsfréttablaði. Samhliða þessu verður lýsingin send til umsagnar Skipulagsstofnunar og þeirra aðila sem tilgreindir eru í kafla 6.3. Hreppsnefnd ber ekki skylda til að svara, með formlegum hætti, athugasemdum sem kunna að berast vegna lýsingarinnar, skv. gr. 4.2.4. og 5.2.4. í skipulagsreglugerð.

Drög að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagstillögu ásamt umhverfismati verða kynnt á íbúafundi í Árneshreppi í samræmi við 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga, áður en skipulagstillögur verða teknar til afgreiðslu í hreppsnefnd. Kynningin verður auglýst í héraðsblaði og á vefsíðunni www.arneshreppur.is. Drögin verða einnig send aðliggjandi sveitarfélögum til kynningar.

Að lokinni kynningu á vinnslustigi verður tillaga að breyttu aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslum teknar fyrir og afgreiddar í hreppsnefnd. Samþykkt tillaga að aðalskipulagsbreytingu verður í framhaldinu send Skipulagsstofnun til athugunar.

Að lokinni samþykkt í hreppsnefnd og athugun Skipulagsstofnunar, verður tillaga að breyttu aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi auglýst í dagblaði sem er gefið út á landsvísu sem og í héraðsfréttablaði. Aðalskipulagstillagan verður einnig, í samræmi við skipulagslög, auglýst í Lögbirtingablaðinu. Skipulagstillögurnar munu liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, skrifstofu Árneshrepps í Norðurfirði og hugsanlega öðrum áberandi stöðum. Tillögurnar verða jafnframt aðgengilegar á vefsíðunni www.arneshreppur.is.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn mun hreppsnefnd fjalla aftur um tillögurnar. Þar verður tekin afstaða til þeirra athugasemda sem kunna að hafa borist og tillögunum breytt ef ástæða er talin til, auk þess sem hreppsnefnd samþykkir deiliskipulagstillögunu. Í kjölfarið verður samþykkt deiliskipulag ásamt samantekt á málsmeðferð, athugasemdum og umsögnum sent til Skipulagsstofnunar til yfirferðar. Á sama tíma er aðalskipulagstillagan ásamt innkomnum athugasemdum og umsögnum hreppsnefndar um þær send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Staðfest aðalskipulagsbreyting og samþykkt deiliskipulag verða að lokum auglýst í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við skipulagslög. Þar með munu áætlanirnar taka gildi.

6.3 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Lýsing aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags verður send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Fiskistofa
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Ferðamálastofa
- Náttúrfræðistofnun
- Orkustofnun
- Veðurstofa Íslands
- Samgöngustofa
- Vegagerðin
- Landsnet
- Landvernd

Aðliggjandi sveitarfélögum verður bent á að lýsingin sé til umsagnar og kynningar. Þau eru:

- Strandabyggð
- Kaldrananeshreppur
- Ísafjarðarbær



6.4 Tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að skipulagsvinnan taki yfir um 9 mánaða tímabil og eru helstu áfangar hennar sýndir í töflunni hér að neðan.

Tafla 6.1 Tímaáætlun verkefnis

Verkpáttur\Tími	2016				2017				
	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí
Skipulags- og matslýsing lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar									
Skipulags- og matslýsing send til Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila til umsagnar. Jafnframt auglýst og kynnt almenningi, með þriggja vikna fresti til að skila inn athugasemdum.									
Drög að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslum samþykkt í sveitarstjórn.									
Drög að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslum á vinnslustigi kynnt almenningi.									
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu samþykkt í sveitarstjórn.									
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu send til Skipulagsstofnunar til athugunar.									
Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu samþykkt í sveitarstjórn.									
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslum auglýst skv. lögum með sex vikna athugasemdafresti.									
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslum samþykkt í sveitarstjórn.									
Aðalskipulagsbreyting ásamt umhverfisskýrslu og afgreiðsla sveitarstjórnar send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.									
Samþykkt deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslu og afgreiðsla sveitarstjórnar send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar.									
Staðfesting Skipulagsstofnunar á breyttu aðalskipulagi og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda.									
Samþykkt sveitarstjórnar á nýju deiliskipulagi og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda.									

7 Heimildir

1. Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025
2. Arnór Þ. Sigfússon, Áki Thoroddsen, Áslaug K. Aðalsteinsdóttir, Elín Vignisdóttir, Hugrún Gunnarsdóttir, Snorri Gíslason, Snorri P. Snorrason, Þorbergur S. Leifsson og Þórhildur Guðmundsdóttir (2016). *Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði. Frummatsskýrsla*. Reykjavík: Verkís hf.
3. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
4. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
5. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
6. Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
7. Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
8. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
9. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
10. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
11. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
12. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
13. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
14. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
15. Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br.
16. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.